

01. mars 2016

Norðurþing  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 1. mars 2016  
UST201601-024/E.D.K.  
08.14.02

### Úrbótaáætlun samþykkt – máli lokið

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 5. janúar sl. þar sem áformað var að áminna Norðurþing vegna tveggja frávíka sem komu fram við reglubundið eftirlit með urðunarstað á Kópaskeri þann 13. maí sl. en þá hafði þegar verið bætt úr þriðja frávikinu sem var útistandandi þegar eftirlit fór fram, en það varðaði skil á magntölum úrgangs, og þær hafa nú borist stofnuninni.

Fjallað var um tvö frávik í áður nefndu bréfi, annað fjallaði um urðun dýrahræa, og var byggt á starfsleyfistillögu sem nú hefur verið fullunnin og gefin út sem starfsleyfi. Samkvæmt starfsleyfinu er heimilt er að urða þennan úrgang, sbr. viðmiðanir um afskekktu byggð, sbr. 26. gr. reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs, svo ekki er um frávik að ræða.

Hitt frávik sem fjallað var um varðar að mælingum á stöðu grunnvatns var ekki lokið þegar eftirlit fór fram, en stöðu grunnvatns á að mæla fyrir 1. maí og 1. október hvert ár, og í seinni mælingunni á einnig að mæla samsetningu grunnvatns. Mælingar hafa ekki verið framkvæmdar, en rekstraraðili hefur gert ráðstafanir til að framkvæma þessar mælingar fyrir 1. maí 2016, sbr. upplýsingar sem bárust í tölvupósti 1. febrúar sl. Umhverfisstofnun samþykkir þessa úrbótaáætlun og fer fram á að niðurstöður grunnvatnsmælinga verði senda stofnuninni í tölvupósti á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) um leið og þær liggja fyrir.

Eftirfylgnimáli sem hófst með bréfi dags. 5. janúar 2016 telst nú lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 og er 23.800kr.

Virðingarfyllst

*Eva Kristjáns*

Eva Dögg Kristjánsdóttir  
sérfræðingur

*Sigrún Agústs*  
Sigrún Agústs dóttir  
sviðsstjóri